

Hvað þarf ég að vita um Xarelto?

- ◆ Xarelto er blóðþynnandi og verndar gegn myndun hættulegra blóðtappa.
- ◆ Xarelto verður að taka nákvæmlega eins og læknirinn mælir fyrir um. Til þess að tryggja sem besta vörn gegn blóðtöppum skal passa að **gleyma aldrei skammti**.
- ◆ Þú mátt ekki hætta að gefa/ taka Xarelto nema ræða fyrst við lækninn, því hættan á blóðtöppum getur aukist.

◆ Láttu lækninn vita um öll önnur lyf sem barnið/þú notar, hefur nýlega notað eða ætlar að nota, áður en notkun Xarelto er hafin.

◆ Upplýstu lækninn um að barnið noti/ þú notir Xarelto áður en gengist er undir skurðaðgerð eða ífarandi aðgerðir.

Hvenær á ég að hafa samband við lækni?

Þegar blóðþynningarlyf eins og Xarelto eru tekin er mikilvægt að gera sér grein fyrir hugsanlegum aukaverkunum. Algengasta aukaverkunin er blæðing.

Ekki byrja að gefa barninu/taka Xarelto ef þú veist að barnið er/þú ert í hættu á blæðingu, nema ræða það við lækninn fyrst. Láttu lækninn vita tafarlaust ef barnið/þú finnur fyrir einkennum blæðingar, svo sem:

- ◆ verkjum
- ◆ þrota eða óþægindum
- ◆ höfuðverk, svima eða slappleika
- ◆ óvenjulegu mari, blóðnös, tannholdsblæðingu, blæðingu frá sárum sem varir í langan tíma
- ◆ meira tíðablóði eða blæðingu frá leggöngum en venjulega

- ◆ blóði í þvagi sem getur verið bleikt eða brúnt, rauðum eða svörtum hægðum
- ◆ blóði í hósta eða blóði í uppsölu eða einhverju sem líkist kaffikorgi

Hvernig á ég að gefa barninu Xarelto/taka Xarelto?

◆ Til þess að ná hámarksvernd á að gefa/ taka Xarelto 1 mg/ml með næringu (brjóstamjólki eða þurrmjólk) eða með máltíð.

Hægt er að gefa lyfið um nefsondu eða magasondu.

88034481 IS

Öryggiskort sjúklings



Xarelto® 1 mg/ml
mixtúrukyrni, dreifa

Upplýsingar fyrir umönnunaraðila/sjúklinga:

- ◆ Hafðu kortið alltaf á þér.
- ◆ Sýndu öllum læknum og tannlæknum kortið áður en meðferð sjúklingsins er hafin.

Horfið á fræðslumyndbandið sem sýnir hvernig á að útbúa og gefa mixtúruna.



go.bayer.com/junior

Sjúklingur sem er í blóðþynningarmeðferð með Xarelto (rivaroxaban)

| | |
|----------------|------------------------|
| _____ | _____ |
| Nafn: | Önnur lyf / sjúkdómar: |
| _____ | _____ |
| Heimilisfang: | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| Fæðingardagur: | Þyngd: |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |

Í neyðartilviki skal hafa samband við:

| |
|-------------------|
| _____ |
| Nafn læknis: |
| _____ |
| Símanúmer læknis: |
| _____ |
| Stimpill læknis: |
| _____ |

Einnig skal hafa samband við:

| |
|------------|
| _____ |
| Nafn: |
| _____ |
| Símanúmer: |
| _____ |
| Tengsl: |
| _____ |

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn:

- ◆ Ekki skal notast við INR gildi þar sem þau eru ekki áreiðanleg mæling á blóðþynnandi verkun Xarelto.

